

Leikskólinn Birkilundur



Ársáætlun  
Veturinn 2024-2025

Efni bæklingsins	
Velkomin í Birkilund .....	2
Starfsfólk .....	2
Viðtalstímar deildarstjóra: .....	3
Skólastarfið .....	3
Starfið á deildunum .....	4
Reyniland.....	5
Kvistaland .....	5
Könglaland.....	6
Opið milli deilda og ferðir milli húsa .....	6
Stoðþjónusta.....	6
Foreldrafundir og foreldraviðtöl .....	7
Skipulags- og námskeiðsdagar - leikskólinn lokaður.....	7

## Velkomin í Birkilund

Opnunartími 7:45-16:15

sími 4538215

sími á Reynilandi 5718215

netfang: birkilundur@skagafjordur.is

heimasíða: <https://birkilundur.karellen.is>

### Starfsfólk

**Steinunn Arnljótsdóttir** er leikskólastjóri í 100% stöðu. Er að jafnaði á Reynilandi á mánud. og miðvikud. kl 8:15-9:00.

**Sigurbjörg Eva Egilsdóttir** deildarstjóri á Könglalandi vinnur alla daga í 100% starfshlutfalli. Hún er staðgengill leikskólastjóra.

**Fanney Friðriksdóttir** leikskólaliði á Könglalandi vinnur 4 daga í viku í 79,3% stöðu. Hún sinnir stuðningskennslu.

**Linda Björnsdóttir** leikskólakennari á Könglalandi vinnur 4 daga í viku í 70% stöðu.

**Anna Halla Emilsdóttir** leikskólakennari er í veikindaleyfi.

**Sigríður M. Helgadóttir** deildarstjóri á Kvistalandi vinnur alla daga í 100% stöðu.

**Bogdís Hermannsdóttir** leikskólaliði á Kvistalandi vinnur alla daga í 90% stöðu.

**Ingibjörg Skarphéðinsdóttir** leikskólaliði á Kvistalandi vinnur 3 daga í viku í 68% stöðu. Hún sinnir stuðningskennslu.

**Jóhanna Sigurðardóttir** leikskólaliði á Kvistalandi vinnur 4 daga í viku í 80% stöðu.

**Kristín Rós Unnsteinsdóttir** vinnur á Kvistalandi alla daga í 100% stöðu.

**Sarah Holzem** vinnur á Kvistalandi 4 daga í viku í 50% stöðu.

**Sigríður Halldóra Sveinsdóttir** leikskólakennari á Kvistalandi vinnur 3 daga í viku í 26% stöðu.

**Guðbjörg Sigfúsdóttir** deildarstjóri á Reynilandi vinnur alla daga í 99% stöðu.

**Eva Dögg Sigurðardóttir** vinnur á Reynilandi 4 daga í viku í 81,2% stöðu.

**Hanna Björg Hauksdóttir** leikskólaliði vinnur á Reynilandi 3 daga í viku í 66,7% stöðu.

**Linnéa Sofi Leffler** vinnur á Reynilandi 4 daga í viku í 83% stöðu.

**Nele Mahnke** vinnur á Reynilandi 4 daga í viku í 76% stöðu.

**Sonja Mannhardt** leikskólakennari vinnur á Reynilandi 4 daga í viku í 77% stöðu.

**Pórunn Ósk Jóhannesdóttir** vinnur á Reynilandi alla daga í 100% stöðu.

**Lilja Margrét Snorradóttir** matráður í 71,7% stöðu.

**Hreinsson slf** sér um ræstingu samkvæmt verktakasamningi.

**Ragnheiður Lára Brynjólfsdóttir** leikskólakennari kemur í afleysingar í forföllum.

**Kristín Halla Bergsdóttir**, tónlistarkennari, er með tónlistarstundir á mánudögum frá miðjum september til páska.

#### **Viðtalstímar deildarstjóra:**

Guðbjörg mánudagur kl 13:00-14:00

Sigríður mánudagur kl 12:00-13:00

Sigurbjörg miðvikudagur kl 11:00-12:00

#### **Skólastarfið**

Skóladagatal, þar sem fram kemur hvaða daga leikskólinn er lokaður, hvenær eru skráningardagar, hvenær starfsmannafundir eru haldnir og ýmsir viðburðir í skólastarfinu, má finna á [https://birkilundur.karellen.is/198-birkilundur.karellen.is/leikskoladagatal-2024-2025%20\(1\)%20\(1\).pdf](https://birkilundur.karellen.is/198-birkilundur.karellen.is/leikskoladagatal-2024-2025%20(1)%20(1).pdf) Gert er ráð fyrir að foreldrum verði boðið í kaffi tvisvar yfir skólaárið. Einnig gerum við ráð fyrir að fjölskyldum barnanna verði boðið á jólaball leikskólans.

Á öskudaginn verður grímuball, köttur sleginn úr tunnum og boðið upp á snakk og popp. Í byrjun júní höfum við Reykjarhólsdag. Þá er gengið á Reykjarhólinn. Aðrar ferðir og viðburðir eru kynnt þegar að þeim kemur.

Dagskipulagið mótar ramma um starfið. Það er mismunandi eftir deildum þar sem þarfirnar eru breytilegar eftir aldri barnanna.

**Dagskipulag á Könglalandi**

07:45 leikskólinn opnar á Kvistalandi	11:45 hádegismatur
08:00 leikur á deild	12:20 hvíld/róleg stund
08:15 leikur/morgunmatur	13:00 útivera
09:15 leikur/hópastarf	14:45 síðdegisdrykkur
10:00 ávaxtatími	15:20 frjáls leikur
10:15 leikur/hópastarf	16:10 deildir sameinast á Könglalandi
11:15 söngur/samverustund	16:15 leikskólinn lokar

**Dagskipulag á Kvistalandi**

07:45 leikskólinn opnar á Kvistalandi, leikur	11:45 hádegismatur
08:10-15 morgunm./leikur	12:10 hvíld/róleg stund
09:10 hópastarf	13:00 útivera/ leikur
10:00 samverustund/ávaxtatími	14:45 síðdegisdrykkur
10:15 útivera/leikur	15:00 leikur inni/úti
11:25 samvera/söngur	16:10 deildir sameinast á Könglalandi
	16:15 leikskólinn lokar

**Dagskipulag á Reynilandi**

07:45 Leikskólinn opnar, leikur	11:15 Handþvottur, bleyjuskipti, samvera
08:10 Morgunmatur	11:30 Hádegismatur
09:00 Hópastarf/tónlist /íþróttahús	11:50 Hvíld
09:50 Samverustund, ávaxtatími, bleyjuskipti	13:30 Leikur
10:10 Útivist	14:45 Síðdegisdrykkur
	15:10 Leikur/útivist, bleyjuskipti
	16:15 Leikskólinn lokar

**Starfið á deildunum**

Í Upplýsingariti leikskólans Birkilundar eru útskýrð ýmis verk- og námsefni sem unnið er með í leikskólanum og vísað er til í eftirfarandi umfjöllun um starfið á deildunum.

## Reyniland

Á Reynilandi eru nú 16 börn, frá eins til tveggja ára, 10 drengir og 6 stúlkur. 13 börn eru fædd árið 2021 og 3 börn eru fædd árið 2022.

Hópastarf er þrjá daga í viku: þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag, kl 9:00-9:50. Hóparnir eru Ljónahópur, Kanínuhópur og Kisuhópur. Í hópastarfi er farið í könnunarleik, málörvun, unnið að myndsköpun, félagsfærni, útikennslu, leikið í frjálsum leik og unnið að ýmsum öðrum verkefnum.

Tónlistarstund er annan hvern mánudag kl 9:15 fyrir öll börnin á deildinni. Á móti tónlistarstundunum, annan hvern mánudag kl 9:00 fara börnin gangandi upp í íþróttahús og hitta þar börn og kennara af Kvistalandi. Þessar ferðir miðast við veður og færð.

Á föstudögum er lögð áhersla á frjálsum leik, útiveru og gönguferðir.

Alla daga er lögð áhersla á að hafa góðan tíma fyrir leik og að örva málproska og æfa sjálfshjálp í leik og starfi. Í samverustundum er sungið, lesið og spjallað. Farið er yfir tákn vikunnar, staf vikunnar og orð honum tengd og börnin æfð í að þekkja litina.

Á föstudögum eru settar inn á facebook síðu deildarinnar upplýsingar og myndir um starf vikunnar. Reglulega eru settar inn myndir í möppur barnanna í Karellen.

## Kvistaland

Á Kvistalandi eru 12 börn, 8 stúlkur og 4 drengir, öll fædd 2020. Hópasstarf er 4 morgna í viku. Við skiptum barnahópnum í 3 hópa, 4 börn í hóp. Þar sem börnin eru öll í sama árgangi höfum við ákveðið að hópaskipanin verði fljótandi, það er að segja að ekki eru alltaf sömu 4 börnin saman í hóp. Í hópastarfi er unnið með staf og tákn vikunnar, málörvun, stærðfræði, myndsköpun, tónlist, félagsfærni og íþróttir. Á mánudögum er til skiptis tónlistarstund og íþróttahúsferð. Í íþróttahúsinu eru þar á sama tíma öll börnin af Reynilandi ásamt kennurum. Annan hvern föstudag er opið milli deilda þ.e. Kvistalands og Könglalands, þar sem leikurinn er allsráðandi, hinn föstudaginn förum við í vettangsferðir td. í skóginn, heimsókn á Reyniland og fl.

## Könglaland

Á Könglalandi eru elstu börn leikskólans. Á deildinni eru 16 börn, 11 drengir og 5 stúlkur. 10 börn eru í árgangi 2018 og 6 börn í árgangi 2019.

Hóparnir heita Regnbogahópur, börn fædd 2018 og Einhyrningahópur, börn fædd 2019.

Á Könglalandi er hópastarf alla daga nema föstudaga og fer alltaf fram fyrir hádegi. Í hópastarfi er unnið með staf vikunnar, málörvun, stærðfræði, myndsköpun, tónlist, félagsfærni og íþróttir. Eftir hádegismat fara börnin í smá slökun þar sem allir fá hvíld. Eftir það einbeitum við okkur að útiveru og frjálsum leik.

Hóparnir eru saman í tónlist annan hvern mánudag frá 9:15 og fara síðan hinn mánudaginn í íþróttahúsið. Regnbogahópur tekur þátt í Gaman saman verkefninu og fer í samstarf með 1. bekk í Varmahlíðarskóla á fimmtudögum kl. 9:00-11:30 (sjá kafla um samstarf leik- og grunnskóla bls 11).

Á föstudögum er farið til skiptis í gönguferðir og haft opið á milli deilda.

Á hverju hausti er Hljóm 2 lagt fyrir elstu börn leikskólans (sjá bls. 20 í Lestrarstefnu Skagafjarðar; [https://www.skagafjordur.is/static/files/pdf-files/lestrarstefna\\_baeklingur\\_i-prentun.pdf](https://www.skagafjordur.is/static/files/pdf-files/lestrarstefna_baeklingur_i-prentun.pdf) ).

Starfinu hjá elsta árgangi leikskólans lýkur formlega með útskrift í maí.

## Opið milli deilda og ferðir milli húsa

Annan hvern föstudag fyrir hádegi er opið á milli Könglalands og Kvistalands.

Börnin geta farið á milli deilda og valið sér þau viðfangsefni sem eru í boði.

Til að auka tengsl milli húsa fara börnin reglulega á milli og hittast í útivist, ýmist á Reynilandi eða í Birkilundi.

## Stoðþjónusta

Ef leikskólinn getur ekki leyst úr þeim frávikum sem upp koma varðandi börnin þá fer í gang ferli þar sem máli barns er vísað til sérfræðiþjónustu fjölskyldusviðs. Send er inn beiðni með undirskrift foreldra og deildarstjóra/leikskólastjóra. Hægt er að vísa börnum til talmeinafræðings, sálfræðings, ráðgjafa á fræðsluviði og ráðgjafarþroskajólfa.

Starfsmenn geta sótt stuðning til Rakelar Kemp, leiðtoga farsældar, fræðslu og ráðgjafar.

### **Foreldrafundur og foreldraviðtöl**

Almennur foreldrafundur var haldinn 8. október.

Foreldraviðtöl, þar sem deildarstjóri eða kennari barnsins fer yfir stöðu barnsins með foreldrum, verða í janúar til mars. Foreldrar geta fengið viðtal á öðrum tíma ef þeir óska þess.

### **Skipulags- og námskeiðsdagar - leikskólinn lokaður**

Mánudagur 19. ágúst	Fræðsludagur
Föstudagur 30. ágúst	Haustþingsdagur
Mánudagur 30. september	Starfsdagur
Mánudagur 23. desember	Lokað vegna starfsmannafunda
Þriðjudagur 28. janúar	Starfsdagur
Miðvikudagur 16. apríl	Lokað vegna starfsmannafunda
Þriðjudagur 10. júní	Starfsdagur

### **Skráningardagar**

Fimmtudagur 17. október	Föstudagur 7. mars
Föstudagur 18. október	Mánudagur 10. mars
Föstudagur 20. desember	Mánudagur 14. apríl
Föstudagur 27. desember	Þriðjudagur 15. apríl
Mánudagur 30. desember	Þriðjudagur 22. apríl
Fimmtudagur 2. janúar	Miðvikudagur 23. apríl
Föstudagur 3. janúar	Föstudagur 25. apríl
Mánudagur 27. janúar	Föstudagur 2. maí
Miðvikudagur 29. janúar	Föstudagur 30. maí
Fimmtudagur 6. mars	Mánudagur 16. júní